

4. Stjórnarfundur Príbrautasambands Íslands

Thursday, 24 July 2025
09:05

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Hörður Siguðarson, Jón Axelsson og Rósfríð**. Þá sat Geir Ómarsson framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: **Ragnar Fjalar Sævarsson og Elísabet Einarsdóttir**

Fundarstjóri: Valerie Maier

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundsins
2. Fjárhagstaða
3. Keppni sumarsins, Laugarvatn og komandi
4. Guðlaug Edda
5. Önnur mál
6. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundsins

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjárhagstaða

- Farið yfir helstu tekjur: Afrekssjóður, Lottó og útgreiðslustyrk. Félagið hefur fengið eina greiðslu af þremur frá ríkinu.
- Útgjöld eru aðallega laun og launatengd gjöld. Félagið á eftir að greiða fyrir 5 keppnir - tímataka.
- Félagið mun styrkja tvo dómara til að dæma í keppnum erlendis.
- Farið yfir skiptingu afrekssjóðs og hvernig greiðslum verður háttað til Guðlaugar Eddu. Farið yfir skipulag og hlutverk aðstoðarmanns.
- Geir verður í sambandi við afrekssjóð um hvernig greiðslunni er háttað.
- Staða á bankareikningum er góð.
- Farið yfir útgjöldin sem eru framundan.

3. Keppni sumarsins, Laugarvatn og komandi

- Það er engin keppandi á leiðinni á Evrópumótið í Istanbul.
- Laugavatn: Það liggur fyrir að orsökina var Nóró veiran. Ekki liggur fyrir hvernig smitið barst á milli. Verið er að rannsaka sýni úr vatninu. Það liggur fyrir að það er ekki E.coli í vatninu. Til að finna út hvort Nóró veiran er í vatninu þurfti að senda sýni út. Niðurstaða liggur ekki fyrir. Rætt um samstarf við heilbrigðiseftirlit þegar keppni fer fram í vatni. Farið yfir möguleika við að halda keppnina á öðrum stað á næsta ári.
- Keppni sumarsins: Þátttaka er góð í keppnum. Góð aukning er í opna flokknum sem er ánægjulegt því það eru nýir keppendur. Mikilvægt að reyna að ná nýjum keppendum inn í klúbbana. Geir hefur verið að fylgja því eftir með tölvupósti. Keppnir hafa gengið vel að öðru

leyti. Góð skráning í unglingakeppnir. Selfoss keppnin lofar góðu.

Rætt um möguleikann á að ÞRÍ aðstoði við að fá styrki fyrir keppnirnar, drykki ofl. Erfitt hefur verið fyrir félögin að fá styrki í einhverjum tilfellum. Sá róður hefur þungast milli ára.

4. Guðlaug Edda

- Beðið eftir ákvörðun hvort hún farið á Evrópumótið í Istanbul. Ætlað að keppa í hálfum Járnkall í Tallin. Rætt um það hvort þetta fyrirkomulag hafi áhrif á greiðslur frá afrekssjóði.

5. Önnur mál

- Farið yfir lagabreytingar frá ÍSí þingi. Breyting verður á greiðslutillhögun frá Lottó. Mikilvægt að félögin haldi vel utan um skrá yfir fjölda iðkenda.
- Rætt um möguleikann að vera með tvípraut í Nauthólsvík í ágúst.
- Farið yfir umdeildar kosningar í World Triathlon

6. Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur verður 10 september.

Samþykkt

Fundi slitið kl.10:06

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.